

Kæru nemendur

Nú nálgast lokapróf haustannar og undanfarið hefur verið mikið að gera hjá flestum nemendum í MH. Þann 2. desember er fyrsti prófdagur. Við viljum hvetja ykkur til að taka námið alvarlega þessar síðustu vikur og leggja ykkur fram eins og kostur er. Munið að setja námið í fyrsta sæti og ekki gleyma mikilvægi hollrar næringar og góðs nætursvefns.

Alltaf eru einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði á próftíma og reynt er að bregðast við því. Í MH er m.a. hægt að biðja um að fá að taka próf í kennslustofu frekar en á sal og lesblindir geta fengið lituð prófblöð eða prófið á hljóðskrá. Þetta stendur ykkur til boða sem eigið greiningar af einhverjum toga, hafið vottorð frá lækni /sálfræðingi eða eruð í reglulegu sambandi við náms- og starfsráðgjafa MH.

Sækja þarf um sérúrræði hjá náms- og starfsráðgjöfum

Athugið að ekki þarf að sækja sérstaklega um lengri próftíma, aðeins lituð blöð, upplestur eða kennslustofu (12 saman í kennslustofu í staðinn fyrir að vera á sal).

Sækja þarf um sérúrræði fyrir 15. nóvember hjá náms- og starfsráðgjöfum og er gengið frá umsókn þar. Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við náms- og starfsráðgjafa MH.

Kv. Fríður, Sigga Birna og Ásdís,

náms- og starfsráðgjafar MH.